

Akureyri, 16. september 2015

Til fjárlaganefndar

Samkvæmt fjárlagafrumvarpi fyrir 2016 er einungis gert ráð fyrir 2,3 milljóna króna framlagi til AkureyrarAkademíunnar (AkAk). Við undirbúning fjárlaga 2016 og í tillögugerð mennta- og menningarmálaráðuneytisins (MRN) var, skv. upplýsingum frá ráðuneytinu í febrúar 2015, lagt til að fjárveitingin f. árið 2016 yrði 8 m.kr. Þessi mikla lækkun frá tillögugerðinni kemur AkAk í opna skjöldu og kemur í veg fyrir að AkAk geti efnt þau markmið stofnunarinnar sem sett voru fram í nýlegum samningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Það hallar verulega á AkAk í fjárveitingum ríkisins og stofnunin óskar eftir leiðréttingu.

Í kjölfar stofnunar AkureyrarAkademíunnar ses 2014 var gengið frá samningi síðastliðið vor milli MRN og AkAk. Félag sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi, fyrirrennari AkAk, var stofnað árið 2006. Síðan þá hefur fjölmargt fræðafólk á Norðurlandi nýtt sér vinnuaðstöðu Félags sjálfstætt starfandi fræðimanna og AkAk, til lengri og skemmri tíma, og félagar verið um 50-60 talsins. Félag sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi stóð auk þess fyrir ýmsum uppákomum, svo sem fyrirlestrum og ráðstefnum. Hin nýja stofnun AkAk hefur haldið starfinu áfram og vonir standa til þess að efla starfsemina enn frekar. AkAk gegnir mikilvægu hlutverki í fræðasamfélagi á Norðurlandi, býr yfir miklum mannauði og hefur vilja til að efla og styrkja sjálfstæðar rannsóknir á landsbyggðinni og miðlun þeirra um land allt. Auk þess undirritaði AkAk 2014 samstarfssamning við Háskólann á Akureyri.

Frá upphafi hefur félagið þurft að berjast fyrir fjármagni til rekstursins og hefur auk þess verið í húsnæðisvanda nokkur undanfarin ár. Nú leigir stofnunin Árholt, húsnæði í eigu Akureyrarbæjar. Öll vinnupláss eru nýtt í húsinu, en alls hafa þar 14 manns vinnuaðstöðu (sjálfstætt starfandi fræðimenn, doktorsnemar og meistaranemar). Við gerð samningsins við MRN, sem gildir frá 2015 til 2017, var gengið út frá því að AkAk fengi áður nefndar 8 m.kr. á ári næstu tvö ár, auk rúmlega 4 m.kr. framlags árið 2015. Engar tölur eru þó nefndar í samningnum, skv. tilmælum Ríkisendurskoðunar.

Í undirbúningi hefur verið ráðstefna í samvinnu við HA, fyrirlestrarröð, bókakynningar, opnun gagnasafns um rannsóknir á Norðurlandi og stór rannsókarverkefni – svo eitthvað sé nefnt. Einnig hefur verið unnið að gerð nýrrar heimasíðu fyrir AkAk. Samkvæmt samningi við MRN er gert ráð fyrir að ráða verkefnastjóra í hlutastarf til að sinna daglegum rekstri, yfirstandandi verkefnum, afla styrkja og efla tengsl AkAk við fagfélög, menningar- og fræðastofnanir á svæðinu og um land allt.

Þess má geta að Reykjavíkúrákademían fær 18,9 m.kr. árlegan styrk til ársins 2019, samkvæmt fjárlagafrumvarpinu. Undanfarin 10 ár hefur AkAk fengið á bilinu 500.000 kr. til 2,5 m.kr. styrk frá ríkinu meðan Reykjavíkúrákademían hefur fengið á bilinu 10-19 m.kr. styrk á ári. Árlegt framlag til AkAk hefur því lækkað meðan framlag til Reykjavíkúrákademíunnar hefur hækkað. Rekstrargrundvöllur þessara tveggja stofnana er því gjörólíkur, en AkureyrarAkademían telur eðlilegt að framlög til AkAk þróist í takt við framlög til Reykjavíkúrákademíunnar, og annarra þekkingarsetra víða um land.

Við viljum koma óánægju okkar á framfæri við fjárlaganefnd og vonumst til að hægt sé að leiðrétta þessa mismunun sem við höfum orðið fyrir. Við óskum jafnframt eftir fundi með fjárlaganefnd til að kynna sjónarmið okkar betur.

Bestu kveðjur,

Stjórn AkureyrarAkademíunnar ses,

Valgerður S. Bjarnadóttir, Margrét Guðmundsdóttir og Jakob Þór Kristjánsson.

Greinargerð ásamt starfsáætlun 2014-2015



Inngangur

Félag sjálfstætt starfandi fræðimanna á Akureyri, í daglegu tali nefnt AkureyrarAkademían, var stofnað með formlegum hætti vorið 2006 að fyrirmynd ReykjavíkurAkademíunnar. Félagið er starfsvettvangur sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi og stendur reglulega fyrir fundum, fyrirlesturum, málþingum og uppákomum. Auk þess veitir Akademían háskólanemum, sem stunda fjarnám við aðrar háskólastofnanir en Háskólann á Akureyri, skrifstofuaðstöðu og vettvang til samveru og samstarfs, en slíkur vettvangur er annars ekki í boði á Akureyri. Frá árinu 2006 hefur starfsemi félagsins vaxið og þróast og nú er svo komið að Akademían og starfsemi hennar er orðin þekkt stærð í akureyrsku menningar- og fræðasamfélagi.

Síðustu ár hafa hins vegar verið AkureyrarAkademíunni erfið. Kemur þar tvennt til. Í fyrsta lagi hefur félagið ekki farið varhluta af þeim samdrætti sem varð í efnahagslífi landsmanna árið 2008, en framlög til Akademíunnar hafa dregist saman undanfarin ár. Í öðru lagi missti Akademían húsnæði sitt haustið 2012. Akureyrarbær útvegaði félaginu bráðabirgðahúsnæði, en flutningar og óvissa í húsnæðismálum stóðu starfseminni engu að síður mjög fyrir þrifum. Þessi mál hafa hins vegar verið leyst í góðu samstarfi við Akureyrarbæ og er starfsemi Akademíunnar nú óðum að færast aftur í eðlilegt horf.

Stofnun AkureyrarAkademíunnar 2014

Sumarið 2013 tók ný stjórn við starfsemi AkureyrarAkademíunnar. Í kjölfar niðurskurðar á framlögum til félagsins og í ljósi óvissu um framtíðarhúsnæði félagsins taldi stjórnin ljóst að gera þyrfti róttækar breytingar á starfseminni. Í kjölfarið setti hún sér eftirfarandi markmið: a) að leysa húsnæðismál félagsins; b) að gera samstarfssamning við Háskólann á Akureyri; c) að breyta rekstrarformi félagsins í sjálfseignarstofnun með staðfestri skipulagsskrá; d) að ganga frá formlegum samningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Eins og áður sagði hafa húsnæðismál félagsins verið leyst farsælega, en Akademían flutti í varanlegt (leigu)húsnæði í eigu Akureyrarbæjar í byrjun árs 2014. Þá hefur einnig verið gengið frá formlegum samstarfssamningi við Háskólann á Akureyri, sem gildir til þriggja ára. Nýlega var og samþykkt breyting á rekstrarformi félagsins og er það nú sérstök stofnun með staðfesta skipulagsskrá. Eftir stendur hins vegar að gera formlegan samning á milli Akademíunnar og mennta- og menningarmálaráðuneytisins og tryggja þannig rekstrargrundvöll stofnunarinnar til lengri tíma.

Stjórn

Stjórn AkureyrarAkademíunnar árið 2014-2015 skipa þau Skafti Ingimarsson formaður, Þóra Pétursdóttir gjaldkeri og Sigurgeir Guðjónsson ritari. Stjórnin fundar að öllu jöfnu hálfsmánaðarlega. Stjórn og fulltrúaráð hafa skipt með sér verkum, en Akademían réð ekki við að endurnýja samning við verkefnisstjóra sem ráðinn var til félagsins starfsárið 2013 til 2014. Verkefnisstjórar hafa verið skipaðir úr stjórn og fulltrúaráði Akademíunnar til undirbúnings einstökum verkefnum og viðburðum á vegum stofnunarinnar. Að öðru leyti hafa störf hennar verið unnin í sjálfböðastarfi og stjórnarmenn ekki fengið greitt fyrir sín störf.

Starfsmannahald

Starfsárið 2012 til 2013 var tekin ákvörðun um að ráða starfsmann til félagsins í sex mánuði. Það fyrirkomulag reyndist vel en af fjárhagsástæðum var ekki hægt að framlengja ráðningarsamninginn. Verkefnastjórinn sinnti daglegum rekstri félagsins og hélt utan um viðburði sem Akademían stóð fyrir. AkureyrarAkademían vill því ráða verkefnastjóra aftur til starfa, en af því getur ekki orðið nema til komi umtalsverð aukning á fjárframlagi ríkisins til starfseminnar. Meðal verkefna verkefnastjórans verða: Daglegur rekstur, skipulag og umsjón með viðburðum, samskipti við samstarfsaðila, til dæmis mennta- og menningarmálaráðuneytið, Akureyrarbæ, Háskólann á Akureyri, ReykjavíkAkademíuna og aðrar stofnanir, umsjón með verkefnum og

umsókn styrkja til verkefna sem AkureyrarAkademían fyrirhugar. Staða verkefnisstjóra verður auglýst á opinberum vettvangi. Stefnt er að því að starfshlutfall verði á bilinu 50-75%.

Húsnæðismál

AkureyrarAkademían hefur aðstöðu í Árholti, gamla Glerárskólanum á Akureyri. Í húsinu er aðstaða fyrir 14 fræðimenn, auk kaffistofu og almenns rýmis. Nú er í athugun hvort gera megi breytingar á vinnuaðstöðunni þannig að 16 fræðimenn geti haft aðsetur í húsinu. Innan Akademiunnar hefur aðstaða fyrir doktorsnema gegnt viðamiklu hlutverki og mun hún í framtíðinni vera mikilvæg fyrir starfsemi og framgang stofnunarinnar. Á síðustu mánuðum hefur þeim fræðimönnum fjölgað ört er nýta sér aðstöðuna í húsnæði stofnunarinnar og er reksturinn nú orðinn sjálfbær. Reiknað er með því að fljótlega á næsta ári verði aðstaðan í Árholti fullsetin.

Fjármál

Starfsemi félagsins hefur jafnan verið fjármögnuð með styrkveitingum. Undanfarin ár hafa styrkir ríkisins til starfsemi AkureyrarAkademiunnar verið mun lægri en styrkir ráðuneytisins til sambærilegra stofnana. Styrkveiting frá Alþingi fyrir árið 2009 nam 2,5 milljónum króna. Sama upphæð fékkst til starfseminnar fyrir árið 2010. Styrkur ríkisins til félagsins undanfarin tvö ár hefur verið 2,1 milljón króna á ári. Sú upphæð hefur aðeins dugað til þess að standa straum af lágmarksstarfsemi. Með aukinni fjárveitingu mun stofnunin geta ráðið verkefnastjóra í hlutastarf og hrundið í framkvæmd mörgum af þeim verkefnum sem félagsmenn hafa viljað koma á fót undanfarin ár.

Félagsmenn

AkureyrarAkademíunni er mikils virði að hinn almenni fulltrúi sé virkur í starfseminni. Á félagaskrá eru nú alls um 60 manns og enn fleiri á póstlista félagsins. Virkir fulltrúar eru nokkuð færri, en fastur kjarni félaga sækir fyrirlestra, málþing og aðra viðburði á vegum Akademíunnar. Bæjarbúar hafa verið duglegir að sækja atburði sem AkureyrarAkademían hefur boðið upp á. Þá sækja fræðimenn Akademíunnar reglulega ráðstefnur og halda fyrirlestra bæði innan lands og utan.

Rannsóknarstarfsemi

Í dag hafa 12 fræðimenn vinnuaðstöðu innan veggja Akademíunnar og starfa þeir á sviðum félagsfræði, alþjóðasamskipta, fornleifafræði, stjórn málafræði, sagnfræði, þjóðfræði, safnafræði, heimspeki og kennslufræði. Húsfólk vinnur jafnt að lokaverkefnum á meistara- og doktorsstigi og rannsóknarverkefnum sem hlotið hafa styrki úr viðurkenndum rannsóknarsjóðum. Á undanförunum árum hafa þrír félagmenn lokið doktorsnámi, þar af hafa tveir þeirra aðstöðu í húsi Akademíunnar, dr. Þóra Pétursdóttir fornleifafræðingur og dr. Sigurgeir Guðjónsson sagnfræðingur.

Samstarf

AkureyrarAkademían undirritaði samstarfssamning við Háskólann á Akureyri vorið 2013. Samningurinn, sem gildir til þriggja ára, miðar að því að styrkja og þróa samstarf þessara tveggja stofnana. Þá munu Háskólinn á Akureyri og AkureyrarAkademían halda að minnsta kosti eina sameiginlega ráðstefnu á samningstímanum.

Starfsáætlun 2014-2015

Markmiðið með starfi AkureyrarAkademíunnar er að skapa líflegt starfsumhverfi fyrir sjálfstætt starfandi fræðimenn á Norðurlandi og efla samskipti milli almennra félagsmanna og þeirra sem hafa aðstöðu í húsnæði Akademíunnar. Akademían á að vera aflvaki fræðilegra rannsókna og miðlunar þeirra og til þess að ná því markmiði er mikilvægt að stofnunin sé sýnileg og taki þátt í samstarfi við sambærileg félög og systurstofnanir, til dæmis ReykjavíkurAkademíuna. Þá vill AkureyrarAkademían leggja sitt af mörkum til samfélagsins og standa að viðburðum sem höfða jafnt til leikra og lærðra. Til þess að ná þessum markmiðum hefur verið smíðuð eftirfarandi dagskrá atburða og verkefna.

Fyrirlestraröð

Fyrirlestraröð AkureyrarAkademíunnar hefur skapað sér fastan sess í starfseminni og hefur verið vel sótt af íbúum á svæðinu. Í fyrirlestraröð Akademíunnar veturinn 2014 til 2015 taka þátt virtir íslenskir fræðimenn og fyrirlesarar, ýmist úr héraði eða utan þess. Meðal fyrirlesara verða Helga Kress, prófessor emeritus, Guðrún Ásmundsdóttir leikkona, Helgi Gunnlaugsson, afbrotufræðingur og prófessor í félagsfræði, Ármann Jakobsson, prófessor í íslenskum bókmenntum fyrri alda, dr. Íris Ellenberger sagnfræðingur, Auður Magnús Auðardóttir félagsfræðingur og Björn Þorláksson ritstjóri. Umsjónarmaður fyrir hönd Akademíunnar er dr. Sigurgeir Guðjónsson.

Jólabókakynning

Í desember ár hvert hefur Akureyrarakademían staðið fyrir kynningu á nýútgefnum fræðibókum. Vel hefur tekist til og hafa kynningarnar verið vel sóttar.

Vorþing

Vorþing AkureyrarAkademíunnar verður haldið í lok apríl 2015. Þar verður þemað verkalýðsmál á Akureyri. Heiti vorþingsins er „Verkalýðsmál, menn og málefni 1920 til 1950“. Þegar þetta er skrifað er unnið að því að fá fyrirlesara og fræðimenn til þess að taka þátt í þinginu.

Uppskeruhátíð

Mikil áhersla er lögð á það að fræðimenn sem starfa innan veggja Akademíunnar kynni verkefni sín og rannsóknir og leggi þannig fram sinn skerf til samfélags og menningarlífs á Norðurlandi. Í þessum tilgangi verður uppskeruhátíð AkureyrarAkademíunnar haldin næsta vor. Þar munu fræðimenn í húsnæði Akademíunnar segja frá sínum rannsóknum og kynna starfsemi hennar.

Ráðstefnuhald

Formlegar viðræður eru hafnar við forvígismenn Háskólans á Akureyri um að standa að sameiginlegri ráðstefnu á næsta ári, en slík ráðstefna er liður í opinberu samstarfi stofnananna. Gert er ráð fyrir að ráðstefnan standi í heilan dag. Hugmyndin er að hafa hana þverfaglega þannig að fræðimenn af ólíkum fræðasviðum geti sameinast við umfjöllun á skyldu þema. Verkefnisstjóri fyrir hönd Akademíunnar er Valgerður S. Bjarnadóttir doktorsnemi.

Doktorsnemahópur

Akademían starfrækir þverfaglegan stuðningshóp doktorsnema á Eyjafjarðarsvæðinu, en fjölmargir stunda hér doktorsnám í fjarnámi, ýmist við íslenska eða erlenda háskóla. Doktorsnemarnir hittast reglulega í

húsnæði Akademiunnar, fá til sín fyrirlesara, kynna verkefni sín og bera saman bækur sínar.

Myndlistarsýning

AkureyrarAkademían hefur boðið nemendum Myndlistaskólans á Akureyri að sýna verk sín í húsnæði Akademiunnar. Þetta hefur verið gert áður og heppnast mjög vel. Gert er ráð fyrir bæði haust- og vorsýningu og veglegri opnunarathöfn í tengslum við hvora sýningu.

Fræðiritautgáfa

Akademían stefnir á að gefa út ritgerðasafn um menningu, verk og fræði á Eyjafjarðarsvæðinu. Stefnt er að því að bókin skiptist í 10-15 kafla og verði um 300 bls. að lengd. Stjórn og fulltrúaráð hafa skipað vinnuhóp um verkið, en hann skipa dr. Þóra Pétursdóttir, Skafti Ingimarsson doktorsnemi og Jakob Þór Kristjánsson, MRes.

Ímynd Eyjafjarðar

Þverfaglegur hópur innan Akademiunnar undirbýr nú rannsóknarverkefni um ímynd Eyjafjarðar í hugum Íslendinga, en mikið er rætt um það innan héraðs hvernig best sé að kynna hvað Eyjafjörður hefur upp á að bjóða. Vonir standa til þess að síðla árs 2015 verði hægt að hefja rannsóknarverkefnið fáist til þess rannsóknarstyrkur

Niðurlag

Síðastliðin tvö ár hefur verið unnið markvisst að því að leysa húsnæðismál AkureyrarAkademíunnar, breyta rekstrarformi stofnunarinnar og efla starfsemi hennar. Því ferli er nú lokið farsælega. Eftir stendur að gera formlegan samning við mennta- og menningarmálaráðuneytið um fjárframlög til handa stofnuninni. AkureyrarAkademían óskar hér með eftir því að ganga til samninga við mennta- og menningarmálaráðuneytið um rekstarframlag á fjárlögum ríkisins til næstu þriggja ára, 2015-2018. Það er tillaga og ósk Akademíunnar að samningur sá sem gerður verður við AkureyrarAkademíuna verði byggður á sömu hugmynd og forsendum og samningur ráðuneytisins við ReykjavíkurAkademíuna, systurstofnun hennar.

Akureyri 14.10. 2014.

Fyrir hönd AkureyrarAkademíunnar:

Skafti Ingimarsson, formaður

Þóra Pétursdóttir, gjaldkeri

Sigurgeir Guðjónsson, ritari.

Samningur
mennta- og menningarmálaráðuneytis
við AkureyrarAkademíuna ses.
um ráðstöfun rekstrarframlags á fjárlögum 2015-2017

Mennta- og menningarmálaráðuneytið, kt. 460269-2969, í samningi þessum nefnt ráðuneyti, og AkureyrarAkademían ses, kt. 450914-1500, í samningi þessum nefnd AA, gera með sér svofelldan samning um ráðstöfun á rekstrarframlagi til AA í fjárlögum.

1. Tilgangur, markmið og starfsemi

1.1. AA er norðlenskt rannsókn- og fræðasetur, einkum á sviði hug- og félagsvísinda, og er auk þess vettvangur sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi. Í húsnæði AA gefst fræðimönnum kostur á að leigja vinnuaðstöðu til lengri eða skemmri tíma og vera hluti af þverfaglegu og lifandi fræðasamfélagi Markhópur AA er auk þess fræða- og fagfélög, menningar og fræðastofnanir, skóli og smáfyrirtæki sem byggja starfsemi sína á rannsóknum og miðlun þeirra. Auk þess leggur AA áherslu á að veita ungum fræðimönnum í rannsóknartengdu framhaldsnámi innanlands sem utan aðstoð og aðstöðu eftir föngum.

1.2. Meginmarkmið með samningi þessum eru að

- efla förmlegan vettvang fyrir sjálfstætt starfandi fræðimenn og námsfólk á Norðurlandi og styrkja sjálfstæðar rannsóknir og nýsköpun með rekstri á öflugri rannsóknarstofnun og menningarmiðstöð á Akureyri.
- virkja og tengja saman þá aðila sem stunda sjálfstæðar rannsóknir og hvetja til fjölfaglegs samstarfs milli einstaklinga, félagasamtaka, fyrirtækja og þekkingarstofnana innan lands sem utan.
- stuðla að aukinni og almennri samfélagsumræðu á sviði fræða og menningar.

1.3. Starfsemi

- **Aðstaða.** AA veitir markhópum aðgang að alhliða rannsóknar- og skrifstofurými, þjónustuveri og aðstöðu til námskeiðahalds, fundarhalda og rannsóknarstarfa. Þar er mikilvægur þáttur að veita fræðafólki í rannsóknatengdu framhaldsnámi innanlands sem utan vinnuaðstöðu.
- **Rannsóknir og þróun.** AA hefur frumkvæði að rannsóknar- og þróunarverkefnum sem umfram allt leitast við að efla fjölfaglegt samstarf fræðistofnana á Norðurlandi og víðar og tengsl þeirra við samfélag og atvinnulíf.
- **Þjónusta.** AA veitir markhópum aðgang að sérhæfðri rannsóknarþjónustu sem felur í sér ráðgjöf, handleiðslu og upplýsingar um fjármögnunarmöguleika, styrkumsóknir, innlenda sem og erlenda samstarfsmöguleika, og skyld atriði. AA veitir stjórnvöldum ráðgjöf og aðstoð varðandi stefnumótandi atriði á starfssviði AA þegar eftir því er leitað, m.a. í þágu vísinda og tækniráðs.
- **Vettvangur.** AA er vettvangur fjölfaglegs samstarfs fræðimanna en einnig snertiflötur við samfélagið almennt sem vettvangur umræðu, vinnuhópa, fyrirlestra, málþinga, námskeiða, vinnustofa, og sýninga eftir því sem verkefni innan vébanda AA gefa tilefni til hverju sinni.
- **Miðlun.** AA hefur forgöngu um miðlun rannsóknna og fræðaefnis hvort sem það er í gegnum almenna útgáfu, ritrýnd fræðirit og/eða stafræna miðlun. Leitast er við að

miðla fyrirlestrum, málþingum, málfundum á rafrænan hátt í gegnum heimasíðu AA.

2. Forsendur samnings og lagaheimildir

- 2.1. Framlag ríkisins til samnings þessa er ákveðið í fjárlögum hvers árs (fjárlagaliður 02-299 1.74).
- 2.2. Ráðuneytið annast samskipti aðila vegna samningsins við fjármálaráðuneyti og Alþingi. Gerður er fyrirvari um að stjórnvöld kunni að ákveða aðhaldsaðgerðir við samþykkt fjárlaga og á AA ekki kröfu á ríkissjóð eða rétt á bótum þótt framlag til samningsins verði lækkað eða fellt niður.
- 2.3. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til AA í fjárlögum taka aðilar upp viðræður um aðlögun rekstrarins að breyttri fjárveitingu.
- 2.4. Framlag ríkisins skv. samningi þessum tekur breytingum samkvæmt verðlagsuppfærslu fjárlaga hvers árs.
- 2.5. AA starfar samkvæmt skipulagsskrá sem samþykkt var 7. ágúst 2014.
- 2.6. AA starfar í samræmi við lög og reglugerðir sem gilda um umsamda starfsemi og verkefni, en einnig, eftir því sem við á, eftir lögum og reglugerðum um rekstur aðila sem kostaðir eru að verulegu eða öllu leyti af framlögum ríkisins.

3. Ábyrgð AA

- 3.1. AA ber ábyrgð á starfsemi sem samningur þessi tekur til og að hún fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. AA skal geta lagt fram gögn og skýrslu þessu til staðfestingar, sé eftir því leitað.
- 3.2. AA ber ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar á þess vegum stofna til í tengslum við samning þennan.
- 3.3. AA er óheimilt að:
 - 3.3.1. Afhenda, án skriflegs samþykkis ráðuneytisins, réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendur þriðja aðila.
 - 3.3.2. Framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu skv. 45. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997.

4. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna fjármála

- 4.1. Ráðuneytið greiðir árlegt framlag sem hér segir:
 - 4.1.1. Í tólf jöfnum hlutum og er miðað við greiðslu fyrsta dag hvers mánaðar. Greitt er inn á bankareikning í viðskiptabanka AA.
- 4.2. AA skilar ráðuneytinu:
 - 4.2.1. Áætlun um rekstur og efnahag ásamt starfsáætlun, þar sem fram komi m.a. hvernig er áætlað að ráðstafa framlagi og helstu starfsmarkmið sem unnið verður að, fyrir lok janúar ár hvert.
 - 4.2.2. Endurskoðuðum ársreikningi ársins á undan með skýringum, fyrir lok júní ár hvert.
- 4.3. Eigi AA í viðskiptum við lögaðila sem það á eignahluta í eða er í eigu fjárhagslegra tengdra aðila svo sem stjórnenda hans, eða annarra aðila, skulu þau fara fram á viðskiptalegum forsendum og grein fyrir þeim gerð í ársreikningi.

5. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna verkefna AA

- 5.1. Ráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd samningsins.
- 5.2. Fulltrúar ráðuneytis og AA funda að lágmarki árlega um samninginn.
- 5.3. Fyrir lok júní ár hvert skilar AA ráðuneytinu greinargerð um framkvæmd samningsins, hver staða verkefna er og hvernig framlagi var ráðstafað í samburði við áætlun.
- 5.4. AA skilar ráðuneytinu upplýsingum sem það kallar eftir vegna opinberrar upplýsingagjafar.
- 5.5. AA veitir ráðuneytinu þær upplýsingar sem það kallar eftir vegna eftirlits með framkvæmd samningsins. Ráðuneytið hefur heimild til að gera sjálf eða fela öðrum að gera athuganir og úttektir á öllum eða einstaka þáttum í framkvæmd samningsins. Í því sambandi hefur það óheftan aðgang að öllum gögnum sem máli skipta, þar á meðal fundargerðum, skrám, fylgiskjölum, skýrslum, bókum og bréfum.
- 5.6. Samning þennan, ársreikning AA og ársskýrslur skal birta á vef AA jafnóðum og þessi gögn liggja fyrir. Ráðuneytinu er heimilt að birta gögnin á vef sínum.
- 5.7. AA setur á vefsíðu sína ýmis gögn sem eru efnislegar afurðir starfseminnar, svo sem skýrslur, leiðbeiningar og áætlanir.


6. Vanefndir og meðferð ágreinings

- 6.1. AA tilkynnir ráðuneytinu tafarlaust ef það telur vafa leika á um að það geti uppfyllt skyldur samkvæmt samningnum. Jafnframt greinir stofnunin frá úrræðum sem hún hyggst grípa til.
- 6.2. Ráðuneytinu er heimilt að draga úr greiðslum, stöðva greiðslur og endurkrefja um greiðslur uppfylli AA ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessu.
- 6.3. Samningsaðilar munu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.
- 6.4. Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.


7. Gildistími og lok samnings

- 7.1. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2015 til 31. desember 2017.
- 7.2. Hvor aðili um sig getur óskað eftir því að einstök ákvæði samnings þess eða samningurinn í heild verði tekinn til endurskoðunar, enda séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal hefjast svo fljótt sem verða má.
- 7.3. Óski annar hvor samningsaðila að semja um áframhald eftir gildistíma samningsins skal hann koma því á framfæri fyrir lok febrúar það ár sem samningurinn rennur út.
- 7.4. Óski annar hvor samningsaðila eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega með þriggja mánaða fyrirvara.
- 7.5. Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili eintaki.

Reykjavík, 15. maí 2015



Mennta- og menningarmálaráðuneyti
Hellen Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri



AkureyrarAkademían ses.
Skafti Ingimarsson, formaður